



Aðalfundur Fjarskipta hf. 11. apríl 2013

Tillögur stjórnar til aðalfundar

3. Tillaga um staðfestingu ársreiknings fyrir síðastliðið reikningsár

Stjórn Fjarskipta hf. leggur til við aðalfund að ársreikningur félagsins fyrir reikningsárið 2012 verði samþykktur.

4. Tillaga um greiðslu arðs vegna reikningsársins 2012

Stjórn leggur til við aðalfund að ekki verði greiddur út arður til hluthafa vegna rekstrarársins 2012.

5. Tillaga um breytingar á samþykktum félagsins

A. Stjórn leggur til við aðalfund að núverandi 3. mgr. 4. gr. samþykktanna falli niður en í hennar stað komi eftirfarandi málsgrein:

„Stjórn félagsins er veitt heimild til þess að auka hlutfé þess um allt að kr. 8.802.000 að nafnverði, eða um allt að 880.200 hluti, til að gera félaginu kleift að standa við skuldbindingu félagsins um uppgjör gagnvart hugsanlegum óframkomnum kröfum vegna nauðasamnings Teymis hf. sem staðfestur var af Héraðsdómi Reykjavíkur 23. júní 2009. Fjarskipti hf. bera 65,82% þeirrar skuldbindingar á móti Advania hf. sem ber 34,18% hennar í samræmi við skiptingaráætlun Teymis hf. frá 9. nóvember 2010, en Fjarskipti hf. og Advania hf. eru lögaðilar sem tekið hafa yfir að fullu réttindi og skyldur Teymis hf. Heimild þessari skal einvörðungu beitt til þess að gera upp 65,82% krafna lánardrottna Teymis hf. samkvæmt hinum staðfesta nauðasamningi, ef lögmæt skilyrði krafna eru fyrir hendi. Heimild þessi skal standa til 31. maí 2014. Hluthafar falla frá forkaupsrétti að hækkunarheimildinni.“

Greinargerð:

Í lok árs 2012 neytti stjórn heimildar sem hún hafði, að hluta, til að hækka hlutafé til uppgjörs á skuld við Stoðir hf. samkvæmt dómi Hæstaréttar í málinu nr. 175/212: Advania hf. gegn Stoðum hf., en um er að ræða uppgjör sem tengist Teymi hf. og nauðasamningi þess frá árinu 2009 og Fjarskipti hf. bera ábyrgð á að hluta. Við það tækifæri nýtti stjórnin heimild til útgáfu nýrra hluta að nafnverði kr. 51.197.990, eða 5.119.799 hluti. Við þetta uppgjör kom í ljós að sú



hlutfallstala sem Fjarskipti hf. bera ábyrgð á er ranglega tilgreind í samþykktum, og átti að vera 65,82% en var ranglega tilgreind 64,85%. Af þessu tilefni leggur stjórnin til að 3. mgr. 4. gr. samþykktanna verði breytt og hlutfallstalan leiðrétt, en jafnframt verði efnisatriði greinarinnar stytt án þess að það komi niður á skýrleika hennar. Enn eru útistandandi kröfur sem reynt getur á í þessu sambandi.

B. Stjórn leggur til við aðalfund að núverandi 13. og 14. greinar samþykktanna verði breytt í þá veru, að hluthafafundir félagsins verði boðaðir með þriggja vikna fyrirvara í samræmi við ákvæði gr. 88 a. í lögum um hlutafélög nr. 2/1995.

Greinarnar orðast svo gangi tillagan eftir:

13. gr.

„Til hluthafafundar skal boða með tilkynningu til hvers hluthafa eða með auglýsingu í dagblaði með þriggja vikna fyrirvara. Aðalfundir skulu boðaðir með sama hætti og aðrir hluthafafundir.,,

14. gr.

„Þegar boðað er til hluthafafundar skal dagskrá, tillögur, svo og ársreikningur (í móðurfélagi einnig samstæðureikningur), skýrsla stjórnar, starfskjarastefna og skýrsla endurskoðenda sé um aðalfund að ræða, lögð fram hluthöfum til sýnis á skrifstofu félagsins og samtímis send sérhverjum skráðum hluthafa sem þess óskar. Óski hluthafi eftir að koma máli eða tillögu á dagskrá hluthafafundar skal slík beiðni koma fram ekki síðar en tveimur vikum fyrir fundinn. Stjórn skal kynna breytta dagskrá af þessu tilefni strax og tilefni gefst til. Mál, sem ekki hafa verið greind í dagskrá hluthafafundar, er ekki unnt að taka til endanlegrar úrlausnar á fundinum nema með samþykki allra hluthafa félagsins en gera má ályktun til leiðbeiningar fyrir félagsstjórn. Löglega fram bornar viðauka- og breytingartillögur má bera upp á fundinum sjálfum.“



C. Stjórn leggur til við aðalfund að bætt verði við nýjum 4. og 5. mgr. við 17. gr. samþykktanna.

Greinarnar eru svohljóðandi:

„Tryggt skal við stjórnarkjör, hvort sem er í aðal- og/eða varastjórn, að hlutfall hvors kyns sé ekki lægra en 40%. Náist ekki viðhlítandi niðurstaða um kynjahlutföll við stjórnarkjör, hvort sem er í aðal- eða varastjórn, þá er stjórnarkjorið ógilt. Þar til lögmæt kosning hefur farið fram með viðhlítandi kynjahlutfallsniðurstöðu þá situr áfram eldri aðal- og/eða varastjórn, eftir því sem við á. Endurtaka skal stjórnarkjör, að því marki sem nauðsynlegt er, á sama hluthafafundi, þegar upplýsingar um ófullnægjandi niðurstöður stjórnarkjörs liggja fyrir. Áður en stjórnarkjorið er endurtekið, að því marki sem nauðsynlegt er, þá skal gert fundarhlé og heimilt að tilnefna fleiri frambjóðendur til stjórnar af því kyni sem hallar á við fyrri kosninguna. Við endurtekið stjórnarkjör skulu þeir tveir einstaklingar af hvoru kyni sem flest atkvæði fá í stjórnarkjori til aðalstjórnar teljast réttkjörnir og einnig sá er næstur þeim kemur að atkvæðamagni, ef nauðsynlegt var að endurtaka kjör til aðalstjórnar. Sama fyrirkomulag skal haft við kjör varastjórnar, ef hún er undir við endurtekið stjórnarkjör, nema hvað einn einstaklingur af hvoru kyni sem flest atkvæði fá í stjórnarkjori til varastjórnar teljast réttkjörnir.

Í tilkynningu til hlutafélagaskrár þar sem niðurstaða stjórnarkjörs er tilkynnt skal sundurliða upplýsingar um hlutfall kynjanna í stjórn. Í sömu tilkynningu skulu jafnframt koma fram upplýsingar í sömu veru um hlutföll kynjanna meðal starfsmanna og stjórnenda félagsins, en stjórn skal sérstaklega gæta að kynjahlutföllum við ráðningu framkvæmdastjóra.”

Greinargerð:

Hinn 4. mars 2010 samþykkti Alþingi breytingar á lögum um hlutafélög þar sem kveðið er á um að frá og með 1. september 2013 þá skuli tryggð kynjahlutföll við skipan aðal- og varastjórnna þeirra. Jafnframt skulu stjórnir hlutafélaga gæta kynjahlutfalla við ráðningu framkvæmdastjóra. Í þriggja manna stjórn skal tryggt að bæði kynin eigi fulltrúa í stjórn, og ef stjórn er fjölmennari þá skal tryggt að hlutfall hvors kyns sé ekki undir 40%. Gerð er sú krafa í lögnum að þessi ákvæði verði tekin upp í samþykktir hlutafélaga og viðhlítandi ráðstafanir gerðar til að tryggja framgang þessara ákvæða.

Ekki er hins vegar nákvæmlega tilgreint hvernig markmiðinu eigi að ná. Hlutafélagalögin tryggja ákveðnum minnihluta hluthafa rétt til margfeldiskosningar eða hlutfallskosningar við stjórnarkjör. Að sama skapi er tryggt í stærri hlutafélagum að framboðsfrestur til stjórnarkjörs sé eðlilegur, með a.m.k. fimm daga fyrirvara. Sérreglur til að uppfylla hið nýja ákvæði um kynjahlutföll mega ekki leiða til þess að réttur hluthafa til framboðs og fyrirkomulags stjórnarkjörs að öðru leyti verði skert. Þess vegna er lagt til, í ofangreindri tillögu, að



stjórnarkjör sem ógilt er með vísan til hinnar nýju reglu um kynjahlutföll, verði endurtekið síðar á sama fundi eftir fundarhlé, þar sem heimilt er að bjóða fleiri einstaklinga fram til stjórnar af því kyni sem hallar á við hið mislukkaða stjórnarkjör. Við síðari kosninguna munu hins vegar gilda hertar kynjahlutfallsreglur svo viðhlítandi niðurstaða í stjórnarkjörinu um kynjahlutföll náist. Þarna er gætt beggja sjónarmiða, þ.e. réttar minnihlutans til að kalla eftir ákveðnu fyrirkomulagi stjórnarkjörs, en jafnframt ef nauðsynlegt er að endurtaka stjórnarkjörið, óhertar kynjahlutfallsreglur óháð fyrirkomulagi stjórnarkjörsins.

6. Tillaga stjórnar um kosningu stjórnar

Samkvæmt samþykktum félagsins eru fimm í aðalstjórn og tveir í varastjórn.

Endanlegar upplýsingar um frambjóðendur til stjórnar félagsins verða birtar eigi síðar en tveimur dögum fyrir aðalfund, sbr. 63. gr. a. hlutafélagalaga nr. 2/1995.

7. Tillaga um kjör endurskoðunarfirma

Stjórn leggur til við aðalfund að endurskoðunarfirmað KPMG ehf. verði endurskoðandi félagsins.

8. Tillaga um þóknun til stjórnarmanna, varastjórnar og undirnefnda stjórnar

Stjórn leggur til við aðalfund að stjórnarlaun komandi starfsárs verði sem hér segir: Stjórnarformaður fái kr. 400.000 á mánuði, en aðrir stjórnarmenn kr. 200.000 á mánuði. Varastjórnarmönnum skulu greiddar kr. 75.000 fyrir hvern setinn fund. Lagt er til að nefndarmenn í undirnefndum stjórnar fái kr. 75.000 fyrir hvern setinn fund, en formenn þeirra tvöfalda þá fjárhæð. Þá leggur stjórnin til að greiðslur til endurskoðenda fyrir liðið starfsár skuli vera samkvæmt reikningi.



9. Tillaga um starfskjarastefnu

Stjórn leggur til við aðalfund meðfylgjandi starfskjarastefnu:

--

Starfskjarastefna Fjarskipta hf. skv. 79. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög

I. gr. Markmið

Stefna stjórnar Fjarskipta hf. um starfskjör forstjóra, stjórnenda og stjórnarmanna hefur það að markmiði að laða að og halda í hæfa stjórnendur sem hafa hagsmuni fyrirtækisins að leiðarljósi. Til að svo megi verða er nauðsynlegt að gera stjórn félagsins kleift að bjóða samkeppnishæf laun og aðrar greiðslur sem tíðkast hjá sambærilegum fyrirtækjum innanlands sem erlendis.

II. gr. Starfskjör stjórnarmanna

Stjórnarmönnum skal vera greidd föst mánaðarleg þóknun í samræmi við ákvörðun aðalfundar ár hvert, sbr. 79. gr. laga um hlutafélög nr. 2/1995. Tillögu um þóknun gerir stjórnin fyrir komandi starfsár og skal ákvörðun þóknunar byggjast á þeim tíma sem stjórnarmenn verja til starfsins, þeirri ábyrgð sem á þeim hvílir og afkomu félagsins.

III. gr. Starfskjör forstjóra

Stjórn skal gera skriflegan ráðningarsamning við forstjóra félagsins og skulu kjör hans vera samkeppnishæf samanborið við önnur fyrirtæki á markaði.

Fjárhæð grunnlauna og annarra greiðslna til forstjóra skal taka mið af menntun, reynslu og fyrri störfum. Önnur starfskjör skal tilgreina sérstaklega í ráðningarsamningi, svo sem greiðslur í lífeyrissjóð, orlof, hlunnindi og uppsagnarfrest.

Við gerð ráðningarsamning skal haft að leiðarljósi að ekki komi til frekari greiðslna við starfslok en fram koma í ráðningarsamningi. Heimilt er þó við sérstök skilyrði að mati stjórnar að gera sérstakan starfslokasamning, sé þess þörf.

IV. gr. Umbun til æðstu stjórnenda

Forstjóra er heimilt að leggja fram tillögu fyrir stjórn félagsins um að umbuna æðstu stjórnendum til viðbótar grunnlaunum í formi árangurstengdra greiðslna, afhendingar hluta, hlutabréfa, kaupréttar, forkaupsréttar og annars konar greiðslna sem tengdar eru hlutabréfum í félaginu eða þróun verðs á hlutabréfum í félaginu, lífeyrissamninga og starfslokasamninga.



Við ákvörðun um hvort veita skuli æðstu stjórnendum umbun til viðbótar grunnlaunum skal taka mið af stöðu, ábyrgð, frammistöðu og framtíðarmöguleikum viðkomandi stjórnanda innan félagsins.

Til upplýsingar skal þess getið að stjórn Fjarskipta hf. hefur enga samninga gert um kauprétti starfsmanna að hlutum í félaginu og hefur ekki í hyggju að gera neina slíka samninga í tengslum við skráningu hluta félagsins á skipulögðum verðbréfamarkaði.

V. gr. Samþykkt starfskjarastefnu og fleira

Starfskjarastefna félagsins skal tekin til afgreiðslu á aðalfundi þess og skal hún tekin til endurskoðunar ár hvert og borin undir aðalfund til samþykktar eða synjunar.

Starfskjarastefna er bindandi fyrir stjórn þess að því er varðar ákvæði um kaupréttarsamninga og hvers konar samninga eða greiðslur er fylgja þróun verðs á hlutabréfum í félaginu, sbr. 2. mgr. 79. gr. a. laga nr. 2. 1995 um hlutafélög. Að öðru leyti er stefnan leiðandi fyrir félagið og stjórn þess. Stjórn félagsins skal bóka sérstaklega öll veruleg frávik frá starfskjarastefnunni og skulu frávik studd greinagóðum rökum. Gera skal grein fyrir frávikum á næsta aðalfundi félagsins.

--

10. Tillaga til kaupa á eigin hlutum

Stjórn leggur til við aðalfund að félaginu verði heimilt, í samræmi við 55. gr. hlutafélagalaga nr. 2/1995, að kaupa allt að 10% af eigin hlutafé á gengi sem sé ekki hærra en 10% yfir og ekki lægra en 10% undir skráðu meðalgengi hlutabréfa félagsins tveimur vikum á undan kaupunum. Heimild þessi skal gilda í átján mánuði frá samþykkt hennar.